

Viðauki 7 við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Keilis

1. gr.

Gildistími, sbr. gr. 9.1., í þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og barnamálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550, dags. 10.09.2014 framlengist til 31.12.2022.

2. gr.

Grein 2.2 í samningnum breytist með eftirfarandi hætti:

1. Á árinu 2022 skal fjöldi ársnemenda í frumgreinanámi vera að hámarki 220.
2. Á árinu 2022 er framlag ríkisins með hverjum nemanda í frumgreinanámi kr. 815.100,-
3. Ef fjöldi nemenda í frumgreinanámi fer undir 200 mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á kr. 815.100,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.
4. Ráðuneytið stefnir að því að færa framlög vegna frumgreinanáms til Háskóla Íslands frá og með 1. janúar 2023.

3. gr.

Grein 2.3. sbr. viðauka 2 við samning Keilis frá 21.12.2018 breytist með eftirfarandi hætti:

1. Á árinu 2022 skal fjöldi ársnemenda í tölvuleikjagerð vera að hámarki 95.
2. Á árinu 2022 er framlag per ársnema í tölvuleikjagerð kr. 1.508.980,-
3. Ef fjöldi nemenda í fullu námi í tölvuleikjagerð fer undir 85 mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á kr. 1.508.980,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

4. gr.

Grein 5.1. í samningnum breytist og verður eftirfarandi:

Framlag ríkisins til Keilis á árinu 2022 er samtals kr. 386.336.100,- og skiptist með eftirfarandi hætti:

1. Vegna nemenda á námsbraut í einka- og styrktarþjálfun, kr. 63.661.000,-
2. Vegna nemenda í frumgreinanámi, kr. 179.322.000,-
3. Vegna nemenda á tölvuleikjabraut, kr. 143.353.100,-

Reykjavík, 12. maí 2022




f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis


f.h. Keilis